

Staðfesting á skráningu fyrir garðaúðun meindýravörnum

Heimilisfang
Fannafold 188, 112 Reykjavík


Rekstraraðili
EPM meindýravarnir ehf.
7011210150

ber að fylgja starfsskilyrðum sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan
atvinnurekstur sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
hefur eftirlit með starfseminni



Númer umsóknar 698800



B65B3DKXJ02H

SÉRTÆK STARFSSKILYRÐI

fyrir úðun garða

samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti og 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

1 Gildissvið og almenn ákvæði

1.1 Gildissvið

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir úðun garða.

Ef um annan starfsleyfisskyldan eða skráningarskyldan rekstur er að ræða samhliða þá gilda viðeigandi skilyrði fyrir þann rekstur.¹

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir þann rekstraraðila og í því húsnæði eða aðstöðu sem tilgreint er við skráningu.² Starfsskilyrði þessi gilda jafnframt á hverjum verksstað og fyrir þá handhafa notendaleyfis sem vinna við úðun garða á vegum skráðs rekstraraðila.

Komi fram ósamræmi milli starfsskilyrða þessara og þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, þá ganga lög og reglugerðir framur starfsskilyrðum.

1.2 Skipulag og samþykkt notkun húsnæðis

Starfsemin skal vera í samræmi við gildandi skipulag og samþykkt notkun húsnæðis.³

1.3 Skráning starfsemi

Rekstraraðili ber ábyrgð á að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar. Staðfest skráning ásamt starfsskilyrðum skal vera sýnileg viðskiptavinum á starfsstöð.⁴

Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrir

¹ Lög nr. 7/1998, 6. gr. og rg. 903/2024, 7. gr.

² Rg. 830/2022, 4. gr. og rg. 903/2024, 7. gr.

³ Rg. 903/2024, 8. gr.

⁴ Rg. 830/2022, 6. gr. og rg. 903/2024, 7. gr.

en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.⁵

Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin sannarlega ekki lengur starfandi eða starfsemin fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er eftirlitsaðila heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.⁶

1.4 Reglufylgni

Rekstraraðili skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar um hollustuhætti og annarra reglugerða settum samkvæmt þeim, starfsskilyrði og almennar kröfur. Jafnframt ber rekstraraðila að fylgja ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda og leiðbeiningum þar um að því er varðar hollustuhætti, svo sem byggingarreglugerðar, reglugerðar um hávaða, reglugerðar um neysluvatn og reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun.⁷

Um starfsemina gilda einnig efnalög, reglugerð um plöntuverndarvörur, reglugerð um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna og reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnaþandna.

Verði frávík frá þeim kröfum og skilyrðum sem um starfsemina gilda skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.⁸

Fylgja skal reglum um aldurstakmark viðskiptavina eins og við á.⁹

2 Húsnæði

Húsnæðið skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.¹⁰

Húsnæði starfseminnar skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð nema annað sé sértaklega tekið fram.¹¹

⁵ Rg. 830/2022, 7. gr.

⁶ Rg. 830/2022, 11 gr.

⁷ Rg. 903/2024, 12. gr.

⁸ Rg. 903/2024, 12. gr.

⁹ Rg. 903/2024, 13. gr.

¹⁰ Rg. 903/2024, 17. gr.

¹¹ Rg. 903/2024, 17. gr.

3 Hreinlæti

Rekstraraðila ber að gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku er varðar aðbúnað, farartæki og önnur tæki og búnað, húsnæði, lóðir og önnur svæði sem tilheyra viðkomandi rekstri.¹²

Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun, óþrifnaði eða lýti á umhverfinu.¹³

Húsnæði skal vera vel við haldið og því haldið hreinu og snyrtilegu ásamt tilheyrandi lóð, girðingum og búnaði. Húsnæði og lagnir skulu vera meindýraheld og skólplögnum haldið við.¹⁴

Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín eftir þörfum. Allsherjarhreingerningu skal gera að minnsta kosti árlega og oftár ef þarf.¹⁵ Leitast skal við að nota vistvæn efni og aðferðir við þrif.¹⁶

4 Hávaði

Rekstraraðili skal koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá starfseminni. Viðmiðunarmörk vegna hávaða frá atvinnustarfsemi eru tilgreind í töflu V í viðauka reglugerðar um hávaða.¹⁷

5 Notkun plöntuverndarvara

5.1 Notendaleyfi, markaðsleyfi og skráning

Sá einn má starfa í atvinnuskyni við úðun garða og útivistarsvæða í einkaeign eða almenningseign, sem er handhafi gilds notendaleyfis fyrir plöntuverndarvörum, gefnu út af Umhverfis- og orkustofnun.¹⁸ Allir sem starfa við úðun garða á vegum skráðs rekstraraðila skulu hafa gilt notendaleyfi.

Eingöngu handhafi notendaleyfis má nota plöntuverndarvörur við úðun garða og útivistarsvæða. Skal hann framvísa gildu leyfisskírteini þegar þess er óskað af viðskiptavinum og eftirlitsaðilum.¹⁹

¹² Rg. 903/2024, 14. gr.

¹³ Rg. 903/2024, 17. gr., 18. gr.

¹⁴ Rg. 903/2024, 17. gr.

¹⁵ Rg. 903/2024, 17. gr.

¹⁶ Rg. 903/2024, 17. gr.

¹⁷ Rg. 724/2008, 8. gr.

¹⁸ Rg. 677/2021, 18. gr.

¹⁹ Rg. 677/2021, 6. gr., 18. gr.,

Við úðun garða má einungis nota plöntuverndarvörur sem fengið hafa leyfi til að vera á markaði hérlandis.²⁰ Sé þess kostur skal skipta út plöntuverndarvörum, sem eru taldar geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið utan þess sem verið er að meðhöndla, fyrir hættuminni plöntuverndarvörur.²¹

Sá sem notar plöntuverndarvörur í atvinnuskyni, skal halda skrár í a.m.k. þrjú ár yfir þær vörur sem hann notar. Í skránni þarf að koma fram heiti vöru, notkunartími, skammtur, svæði sem meðhöndlað var og heiti þeirra nytjaplantna sem varan var notuð á.²² Gera skal þessar upplýsingar tiltækar fyrir eftirlitsaðila sé þess óskað.²³

5.2 Markaðssetning, sala og merkingar

Óheimilt er að setja á markað eða láta af hendi plöntuverndarvörur nema þær hafi fengið markaðsleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun. Fyrirtæki sem markaðssetur notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur skal tilkynna það til Umhverfis- og orkustofnunar og tilgreina nafngreindan ábyrgðaraðila.²⁴

Notendaleyfisskyldum vörum skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að þær séu ekki aðgengilegar viðskiptavinum, heldur skulu þær afhentar sérstaklega.²⁵

Sá sem setur á markað plöntuverndarvörur ber ábyrgð á því að einungis handhafa gilds notendaleyfis séu afhent umrædd efni.²⁶

Þeir sem markaðssetja plöntuverndarvörur til almennrar notkunar skulu veita þeim sem kaupa og nota umræddar vörur almennar upplýsingar um áhættu af notkun þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfið, sérstaklega hvað varðar hættu, váhrif, rétta geymslu, meðhöndlun, notkun og örugga förgun.²⁷

Plöntuverndarvörur með markaðleyfi á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 skulu flokkaðar, merktar og þeim pakkað skv. ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 547/2011.²⁸

Plöntuverndarvörur með tímabundna skráningu á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II í efnalögum nr. 61/2013 skulu merktar skv. ákvæðum reglugerðar 1002/2014.²⁹

Ef plöntuverndarvara flokkast sem hættuleg skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, skulu hættumerkingar á umbúðum vera á

²⁰ Rg. 677/2021, 18. gr.

²¹ Rg. 677/2021, 4. gr.

²² Rg. 677/2021, 18. gr.

²³ (EB) 1107/2009, 67. gr.

²⁴ Efnalög nr. 61/2013, 24. gr., 35. gr.

²⁵ Rg. 677/2021, 6. gr.

²⁶ Rg. 677/2021, 6. gr.

²⁷ Rg. 677/2021, 5. gr.

²⁸ Rg. 544/2015

²⁹ Efnalög nr. 61/2013, og rg. 1002/2014, 8. gr.

íslensku. Ef plöntuverndarvara flokkast ekki sem hættuleg skv. reglugerð nr. 415/2014 er heimilt að hafa merkingar umbúða hennar á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.³⁰

5.3 Meðhöndlun

Ávallt skal gæta varúðar við meðferð plöntuverndarvara þannig að ekki valdi tjóni á heilsu eða umhverfi utan þess sem verið er að meðhöndla og skal leitast við að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.³¹

Plöntuverndarvörur skulu varðveittar í umbúðum framleiðenda og geymdar á tryggan hátt þannig að þær séu aðskildar frá matvælum, dýrafóðri, lyfjum og snyrtivörum og að óviðkomandi nái ekki til þeirra. Umbúðir plöntuverndarvara sem hafa verið rofnar skulu vera þéttar og tryggilega lokaðar.³²

Notendaleyfisskyldar vörur skulu geymdar í læstum hirslum eða rými sem skulu greinilega auðkennd með viðeigandi varnaðarorðum eins og „Varúð“, og/eða „Eitur“. Eftir atvikum skal aðgreina efni og efnablöndur í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra.³³

Öryggisblöð skulu fylgja öllum efnavörum sem flokkast sem hættulegar. Þau skulu vera á íslensku eða ensku, uppfærð og aðgengileg notendum. Efni og efnablöndur skal nota í samræmi við ákvæði öryggisblaða og öryggisskýrsla sem þeim fylgja. Bera skal kennsl á og beita viðeigandi ráðstöfunum sem koma fram á öryggisblöðum til að stjórna áhættunni af efnanotkun í starfseminni.³⁴

Um blöndun úðunarefnisins skal fara eftir þeim fyrirmælum sem fram koma á leiðbeiningum umbúða. Óheimilt er að nota sterkari blöndu en þar er mælt fyrir um. Gæta skal þess að blanda ekki meira magn af úðunarefni en þörf er á.³⁵ Skola skal tómar umbúðir og nota skolvatnið til þynningar í úðunarblöndu.³⁶ Óheimilt er að hella úðunarvökva, ópynntum eða þynntum, í niðurföll, ár, vötn eða sjó.³⁷

Um klæðnað og persónuhlífar sem notaður er við blöndun, úðun og útlagningu notendaleyfisskyldra vara, sem og skolon tækja, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nánari fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og öryggisblöðum eða merkingum fyrir vöruna.³⁸

³⁰ Rg. 544/2015, 4. gr.

³¹ Rg. 677/2021, 4. gr.

³² Rg. 677/2021, 12. gr.

³³ Rg. 677/2021, 12. gr.

³⁴ Efnalög 61/2013, 30. gr. og rg. 888/2015 (REACH).

³⁵ Rg. 677/2021, 20. gr.

³⁶ Rg. 677/2021, 14. gr.

³⁷ Rg. 677/2021, 14. gr.

³⁸ Rg. 677/2021, 11. gr.

Við óhöpp eða slys, t.a.m. ef umbúðir rofna og umtalsvert magn plöntuverndarvara berst út í umhverfið, skal tilkynna eftirlitsaðila um óhappið án tafar.³⁹

5.4 Framkvæmd úðunar

Áður en úðun garða er framkvæmd skal handhafi notendaleyfis meta þörfina fyrir úðun. Telji hann ekki þörf á úðun eða einungis þörf á úðun einstakra plantna eða á einstökum svæðum, ber honum að upplýsa garðeiganda um það. Ef vafi leikur á um hvers kyns skaðvald er að ræða skal kalla eftir áliti viðeigandi sérfræðinga.⁴⁰

Plöntuverndarvörum skal einungis dreift á þau svæði sem á að meðhöndla.⁴¹ Leitast skal við að framkvæma úðun þegar veður er nægilega kyrrt til þess að tryggt sé að sem minnstur úði berist út fyrir svæðið sem meðhöndla á, svo sem á matjurtir eða leiktæki barna. Áður en úðun hefst skal meta hættuna á því hvort úðinn berist annað en honum er ætlað.⁴²

Tilkynna skal umráðendum aðliggjandi lóða við úðunarstað fyrirfram um fyrirhugaða úðun. Við framkvæmd garðaúðunar skal leitast við að gluggar séu lokaðir, þvottur sé ekki á snúrum og lausir hlutir séu þar sem ekki er hættu að úði berist á þá. Taka skal tillit til nágrannagarða og umferðar fólks um gangstéttir.⁴³

Við úðun garða er einungis heimilt að nota tækjabúnað sem hefur verið skoðaður og skráður hjá Vinnueftirliti ríkisins.⁴⁴ Sjá skal til þess að engir óviðkomandi komist í námunda við úðunarbúnaðinn og garðinn meðan á úðun stendur.⁴⁵

Sé notaður úðunartankur við dreifingu plöntuverndarvara skal, þegar þörf krefur, skola hann vandlega samkvæmt leiðbeiningum og skolvatn losað á úðunarstað með því að dreifa því yfir svæðið sem þegar hefur verið meðhöndlað. Sé þörf á að skola úðunarbúnað að utan skal það gert á stað þar sem ekki er hættu á því að skolvatnið berist í yfirborðs- eða grunnvatn.⁴⁶

Að úðun lokinni skal ganga tryggilega frá tækjum og úðunarefnum og skulu þau geymd í læstu geymsluhúsnæði þegar þau eru ekki í notkun, sé þess kostur. Ef ekki er unnt að geyma tækjabúnaðinn innandyra skal ganga þannig frá honum að óviðkomandi geti ekki komist í snertingu við úðunarefni.⁴⁷

³⁹ Rg. 550/2018, 8. gr.

⁴⁰ Rg. 677/2021, 20. gr.

⁴¹ Rg. 677/2021, 4. gr.

⁴² Rg. 677/2021, 20. gr.

⁴³ Rg. 677/2021, 20. gr.

⁴⁴ Rg. 677/2021, 24. gr., IV. viðauki

⁴⁵ Rg. 677/2021, 20. gr.

⁴⁶ Rg. 677/2021, 14. gr.

⁴⁷ Rg. 677/2021, 20. gr.

5.5 Varnaðarmiðar

Áður en úðun garða hefst skulu settir upp varnaðarmiðar á áberandi stað við alla innganga að því svæði er úða skal. Miðarnir skulu festir vandlega og letur þeirra skal vera þess eðlis að regn eyðileggi ekki lesmál þeirra á meðan að fyrirmæli sem þar koma fram gilda.⁴⁸

Eftirfarandi skal koma fram á varnaðarmiðum:

- Yfirskrift með stóru letri, er segir „Varúð – Garðaúðun“.
- Heiti plöntuverndarvörunnar sem notuð er og heiti virkra efna sem hún inniheldur.
- Hversu lengi garðurinn skuli lokaður allri annarri umferð en bráðnauðsynlegri.
- Tímasetning og dagsetning úðunar.
- Setningin: „Ekki skal neyta matjurta sem úði hefur borist á fyrr en að lágmarki * dögum eftir garðaúðun“. (Hér skal tilgreina uppskerufrest þann sem gefinn er upp á umbúðum plöntuverndarvörunnar.)
- Nafn, heimilisfang og sími þess aðila, er framkvæmir úðunina.

Stærð varnaðarmiðans skal vera minnst 14,8 x 10,5 cm (A6), hvítur eða ljós grunnur með rauðum bókstöfum. Stærð bókstafa skal vera þannig að auðvelt sé að lesa það sem á miðanum stendur.⁴⁹

5.6 Takmarkanir á notkun

Halda skal notkun plöntuverndarvara í lágmarki á svæðum sem eru notuð af almenningi eða af viðkvæmum hópum eins og þau eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, t.d. almenningsgarðar, íþrótta- og tómstundasvæði, skólalóðir og leikvelli, og svæði í næsta nágrenni við heilbrigðisstofnanir.⁵⁰

Takmarka skal aðgang að svæðum sem nýlega hafa verið meðhöndluð með plöntuverndarvöru samkvæmt fyrirmælum á umbúðum eða öryggisblöðum.⁵¹

Óheimilt er að að nota plöntuverndarvörur sem hafa lengri uppskerufrest en 14 daga við úðun garða og útivistarsvæða í einkaeign eða almenningseign.⁵²

Óheimilt er að dreifa plöntuverndarvörum á friðlýstum svæðum og lykilsvæðum verndaðra tegunda. Þó er heimilt að dreifa plöntuverndarvörum á ofangreindum svæðum ef dreifing er í það takmörkuðum mæli að ekki skapast áhætta fyrir heilsu og umhverfið og dreifingin á sér stað á samfelldu, afmörkuðu svæði, sem ekki er stærra en 1.000 m².⁵³

⁴⁸ Rg. 677/2021, 19. gr.

⁴⁹ Rg. 677/2021, 19. gr.

⁵⁰ Rg. 677/2021, 19. gr.

⁵¹ Rg. 677/2021, 26. gr.

⁵² Rg. 677/2021, 18. gr.

⁵³ Rg. 677/2021, 26. gr.

Óheimilt er að dreifa plöntuverndarvörum úr loftförum. Þó má heimila dreifingu úr loftförum í einstökum tilvikum þegar sérstaklega stendur á og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt útgefinni undanþágu.⁵⁴ Hafi undanþága fyrir dreifingu plöntuverndarvara úr loftförum verið veitt er óheimilt að dreifa þeim beint á yfirborðsvatn.⁵⁵

5.7 Ráðstafanir til verndar vatnavistkerfi og drykkjarvatni

Óheimilt er að dreifa eða geyma plöntuverndarvörur á brunnsvæði og grannsvæði innan verndarsvæðis vatnsbóla.⁵⁶

Aðilar sem nota notendaleyfisskyldar vörur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til verndar vatnavistkerfi og drykkjarvatni fyrir áhrifum af plöntuverndarvörum. Þessar ráðstafanir skulu meðal annars fela í sér:

- að velja helst plöntuverndarvörur, sem hvorki eru flokkuð sem "Hættuleg fyrir vatnsumhverfi" samkvæmt reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna né innihalda hættuleg forgangsefni eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns,
- að velja helst skilvirkustu dreifingaraðferðirnar, t.d. þar sem notaður er búnaður sem hefur lítið úðarek í för með sér, einkum þegar um er að ræða hávaxinn gróður,
- að nota mildandi ráðstafanir sem lágmarka áhættuna á mengun utan svæðisins, sem verið er að meðhöndla, af völdum úðareks, framræslu og afrennslis,
- að draga úr eins og framast er unnt eða útiloka dreifingu á eða meðfram vegum og járnbrautarsporum, yfir mjög gegndræpt yfirborð eða önnur svæði nálægt yfirborðs- eða grunnvatni, eða yfir þétt yfirborð þar sem mikil hætta er á afrennsli í yfirborðsvatn eða skolpkerfi.

Við dreifingu á plöntuverndarvörum nálægt yfirborðsvatni skal viðhafa að minnsta kosti 5-10 m verndarbelti, nema að annað sé tiltekið á umbúðum plöntuverndarvörunnar, til þess að draga úr váhrifum á vatnshlot af úðareki, framræslu og afrennsli. Stærð verndarbelta skal einkum fara eftir einkennum jarðvegs og eiginleikum plöntuverndarvara, auk einkenna þess landbúnaðar sem er stundaður á viðkomandi svæðum.⁵⁷ Nánari ráðstafanir til verndar vatnavistkerfi og drykkjarvatni eru tilgreindar í markaðsleyfi hvernar vöru eftir því sem við á.

Óheimilt er að nota dælu úðunarbúnaðarins sjálfs til þess að fylla á úðunartank beint úr ám eða vötnum.⁵⁸

⁵⁴ Rg. 677/2021, 28. gr.

⁵⁵ Rg. 677/2021, 25. gr., 28. gr.

⁵⁶ Rg. 677/2021, 25. gr.

⁵⁷ Rg. 677/2021, 25. gr.

⁵⁸ Rg. 677/2021, 25. gr.

6 Meðhöndlun úrgangs

6.1 Almennur úrgangur

Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu úrgangs svo sem kostur er.⁵⁹

Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á grenndar-, móttöku- eða söfnunarstöð eða í sorpílát.⁶⁰

Rekstarúrgangi sem fellur til skal safnað saman og hann fluttur brott þegar í stað eða geymdur með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af. Sorpílát skulu vera nægjanlega mörg og þau hentug, heil og þannig gerð að auðvelt sé að tæma þau. Við meðhöndlun úrgangs skal nota samræmdar merkingar úrgangstegunda, sbr. III. viðauka reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.⁶¹

6.2 Spilliefni

Hættulegum efnum og umbúðum sem hafa innihaldið slík efni skal farga í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs eða hreinsa þannig að mönnum, dýrum og umhverfi stafi ekki hætta af.⁶² Óheimilt er að endurnota tómar umbúðir plöntuverndarvara.⁶³

Spilliefnum má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum spilliefna skal haldið aðgreindum. Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt og geyma þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfis eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal svo fljótt sem unnt er komið til söfnunar- og móttökustöðva sem hafa starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.⁶⁴

7 Fráveita

Tilhögun fráveitu og skólphreinsunar skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólphreinsun.⁶⁵

Skólp frá atvinnurekstri skal eins og við á hreinsað í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun áður en það er losað í fráveitu sveitarfélags eða eigin fráveitu. Tryggja skal að losun skólps valdi hvorki skemmdum á fráveitubúnaði né truflun við hreinsun

⁵⁹ Rg. 803/2024, 9. gr.

⁶⁰ Rg. 803/2023, 9. gr.

⁶¹ Rg. 803/2023, 9. gr., 10. gr., 15. gr., 16. gr.

⁶² Efnalög 61/2013, 19. gr.

⁶³ Rg. 677/2021, 14. gr.

⁶⁴ Rg. 803/2023, 9. gr., rg. 806/1999, 5. gr., 6. gr., 8. gr., og rg. 1040/2016, viðauki I

⁶⁵ Rg. 1450/2025

þess og hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið og/eða heilsu starfsfólks sem vinnur við fráveitur.⁶⁶

Óheimilt er að losa í fráveitu mengandi efni, svo sem spilliefni eða lyf, eða ólífrænan úrgang, til dæmis blautþurrkur, dömubindi, tannþráð og eyrnápinna.⁶⁷

8 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Um eftirlit með skráningarskyldri starfsemi fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætti.⁶⁸

Eftirlitsaðili getur gert kröfur sem ekki koma fram í starfsskilyrðum þessum, enda séu þær í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda.⁶⁹

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, á öllum þeim stöðum sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir ná yfir.⁷⁰ Rekstraraðila er skylt að aðstoða eftirlitsaðila eins og nauðsyn krefur, meðal annars veita eða afla allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits og afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits endurgjaldslaust.⁷¹

Rekstraraðila ber að fylgja fyrirmælum eftirlitsaðila sem varða hreinlæti, hollustuhætti og öryggisþætti.⁷²

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsskilyrða þessara, laga og reglugerða sem um starfsemina gilda eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.⁷³ Er eftirlitsaðila m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.⁷⁴

⁶⁶ Rg. 1450/2025, 12. gr.

⁶⁷ Rg. 1450/2025, 10. gr.

⁶⁸ Lög 7/1998, 54. gr. 54. gr. a, 55. gr. og rg. 903/2024, 44. gr., 45. gr., 46. gr., 47. gr., 48. gr., 50. gr.

⁶⁹ Rg. 903/2024, 12. gr.

⁷⁰ Lög 7/1998, 62. gr.

⁷¹ Lög 7/1998, 63. gr., og rg. 903/2024, 48. gr.

⁷² Rg. 903/2024, 12. gr.

⁷³ Rg. 903/2024, 50. gr.

⁷⁴ Lög nr. 7/1998, XVII. kafli.

Starfsskilyrði þessi eiga sér meðal annars stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Efnalögum nr. 61/2013.
- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.
- Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna.
- Reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur.
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

SÉRTÆK STARFSSKILYRÐI

fyrir eyðingu meindýra

samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti og 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

1 Gildissvið og almenn ákvæði

1.1 Gildissvið

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir eyðingu meindýra, þ.e. eyðingu rotta, músa, skordýra og annarra hryggleysingja sem valda tjóni eða umtalsverðum óhreinindum í eða við hýbýli manna, í gripahúsum, farartækjum, vöruskemmum eða sambærilegum stöðum.¹

Ef um annan starfsleyfisskyldan eða skráningarskyldan rekstur er að ræða samhliða þá gilda viðeigandi skilyrði fyrir þann rekstur.²

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir þann rekstraraðila og í því húsnæði eða aðstöðu sem tilgreint er við skráningu.³ Starfsskilyrði þessi gilda jafnframt á hverjum verksstað og fyrir þá handhafa notendaleyfis fyrir útrýmingarefnum sem vinna við eyðingu meindýra á vegum skráðs rekstraraðila.

Komi fram ósamræmi milli starfsskilyrða þessara og þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, þá ganga lög og reglugerðir framur starfsskilyrðum.

1.2 Skipulag og samþykkt notkun húsnæðis

Starfsemin skal vera í samræmi við gildandi skipulag og samþykkt notkun húsnæðis.⁴

¹ Rg. 677/2021, 3. gr. og rg. 903/2024, 3. gr.

² Lög nr. 7/1998, 6. gr. og rg. 903/2024, 7. gr.

³ Rg. 830/2022, 4. gr. og rg. 903/2024, 7. gr.

⁴ Rg. 903/2024, 8. gr.

1.3 Skráning starfsemi

Rekstraraðili ber ábyrgð á að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar. Staðfest skráning ásamt starfsskilyrðum skal vera sýnileg viðskiptavinum á starfsstöð.⁵

Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrr en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.⁶

Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin sannarlega ekki lengur starfandi eða starfsemin fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er eftirlitsaðila heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.⁷

1.4 Reglufylgni

Rekstraraðili skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar um hollustuhætti og annarra reglugerða settum samkvæmt þeim, starfsskilyrði og almennar kröfur. Jafnframt ber rekstraraðila að fylgja ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda og leiðbeiningum þar um að því er varðar hollustuhætti, svo sem byggingarreglugerðar, reglugerðar um hávaða, reglugerðar um neysluvatn og reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun.⁸

Um starfsemina gilda einnig efnalög, reglugerð um sæfivörur, reglugerð um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna, reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og reglugerð um skráningu, mat leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni.

Verði frávík frá þeim kröfum og skilyrðum sem um starfsemina gilda skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.⁹

Fylgja skal reglum um aldurstakmark viðskiptavina eins og við á.¹⁰

⁵ Rg. 830/2022, 6. gr. og rg. 903/2024, 7. gr.

⁶ Rg. 830/2022, 7. gr.

⁷ Rg. 830/2022, 11 gr.

⁸ Rg. 903/2024, 12. gr.

⁹ Rg. 903/2024, 12. gr.

¹⁰ Rg. 903/2024, 13. gr.

1.5 Tilkynningar

Þeir sem eyða meindýrum skulu að lokinni vinnu við útrýmingu á rottum eða veggjalúsum gera skýrslu um verkið og senda til viðkomandi eftirlitsaðila.¹¹

Í skýrslunni skal koma fram hver er verkbeiðandi, um hvaða meindýr var að ræða, hver framkvæmdi verkið og hvenær, hvaða útrýmingarefni voru notuð til verksins og varúðarráðstafanir sem gripið var til í því skyni að vernda heilsu manna, dýra annarra en meindýra, og umhverfið.¹²

Skýrslu skal skilað innan þriggja virkra daga sé um að ræða útrýmingu á veggjalús.¹³

Skýrslu skal skilað innan mánaðar sé um að ræða útrýmingu á rottum.¹⁴

2 Húsnæði

Húsnæðið skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.¹⁵

Húsnæði starfseminnar skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð nema annað sé sértaklega tekið fram.¹⁶

3 Hreinlæti

Rekstraraðila ber að gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku er varðar aðbúnað, farartæki og önnur tæki og búnað, húsnæði, lóðir og önnur svæði sem tilheyra viðkomandi rekstri.¹⁷

Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun, óþrifnaði eða lýti á umhverfinu.¹⁸

Húsnæði skal vera vel við haldið og því haldið hreinu og snyrtilegu ásamt tilheyrandi lóð, girðingum og búnaði. Húsnæði og lagnir skulu vera meindýraheld og skólplögnum haldið við.¹⁹

¹¹ Rg. 903/2024, 15. gr

¹² Rg. 903/2024, 15. gr.

¹³ Rg. 903/2024, 15. gr.

¹⁴ Rg. 903/2024, 15. gr.

¹⁵ Rg. 903/2024, 17. gr.

¹⁶ Rg. 903/2024, 17. gr.

¹⁷ Rg. 903/2024, 14. gr.

¹⁸ Rg. 903/2024, 17. gr., 18. gr.

¹⁹ Rg. 903/2024, 17. gr.

Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín eftir þörfum. Allsherjarhreingerningu skal gera að minnsta kosti árlega og oftár ef þarf.²⁰ Leitast skal við að nota vistvæn efni og aðferðir við þríf.²¹

4 Hávaði

Rekstraraðili skal koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá starfseminni. Viðmiðunarmörk vegna hávaða frá atvinnustarfsemi eru tilgreind í töflu V í viðauka reglugerðar um hávaða.²²

5 Notkun útrýmingarefna

5.1 Notendaleyfi, markaðsleyfi og skráning

Sá einn má starfa í atvinnuskyni við eyðingu meindýra sem er handhafi gilds notendaleyfis fyrir útrýmingarefnum, gefnu út af Umhverfis- og orkustofnun.²³ Allir sem starfa við eyðingu meindýra á vegum skráðs rekstraraðila skulu hafa gilt notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum.

Eingöngu handhafi notendaleyfis fyrir útrýmingarefnum má nota útrýmingarefni til eyðingar meindýra. Skal hann framvísa gildu leyfisskríteinu þegar þess er óskað af viðskiptavinum, söluaðilum og eftirlitsaðilum.²⁴

Við eyðingu meindýra má einungis nota útrýmingarefni sem fengið hafa leyfi til að vera á markaði héraendis og uppfylla ákvæði reglugerðar um sæfivörur.²⁵ Sé þess kostur skal skipta út útrýmingarefnum, sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið utan þess sem verið er að meðhöndla, fyrir hættuminni útrýmingarefni.²⁶

Sá sem notar útrýmingarefni í atvinnuskyni skal halda skrár í a.m.k. þrjú ár yfir þær vörur sem hann notar. Í skránni þarf að koma fram heiti vöru, notkunartími, skammtur og svæði.²⁷ Gera skal þessar upplýsingar tiltækar fyrir eftirlitsaðila sé þess óskað.²⁸

5.2 Markaðssetning, sala og merkingar

Óheimilt er að setja á markað eða láta af hendi útrýmingarefni nema þau hafi fengið markaðsleyfi hjá Umhverfis- og orkustofnun. Fyrirtæki sem markaðssetur notendaleyfisskyld

²⁰ Rg. 903/2024, 17. gr.

²¹ Rg. 903/2024, 17. gr.

²² Rg. 724/2008, 8. gr.

²³ Rg. 677/2021, 16. gr.

²⁴ Rg. 677/2021, 6. gr. 18. gr.,

²⁵ Rg. 677/2021, 6. gr. 18. gr. og rg. 878/2014

²⁶ Rg. 677/2021, 4. gr.

²⁷ Rg. 677/2021, 16. gr.

²⁸ (EB) 1107/2009, 67. gr.

útrýmingarefni skal tilkynna það til Umhverfis- og orkustofnunnar og tilgreina nafngreindan ábyrgðaraðila.²⁹

Notendaleyfisskyldum vörum skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að þær séu ekki aðgengilegar viðskiptavinum, heldur skulu þær afhentar sérstaklega.³⁰

Sá sem setur á markað notendaleyfisskyld útrýmingarefni ber ábyrgð á því að einungis handhafa gilds notendaleyfis séu afhent umrædd efni.³¹

Þeir sem markaðssetja útrýmingarefni til almennrar notkunar skulu veita þeim sem kaupa og nota umræddar vörur almennar upplýsingar um áhættu af notkun þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfið, sérstaklega hvað varðar hættu, váhrif, rétta geymslu, meðhöndlun, notkun og örugga förgun.³²

Útrýmingarefni með markaðsleyfi á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skulu flokkuð, merkt og þeim pakkað skv. ákvæðum sömu reglugerðar.³³

Ef útrýmingarefni flokkast sem hættulegt skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, skulu hættumerkingar á umbúðum vera á íslensku. Ef útrýmingarefni flokkast ekki sem hættulegt skv. reglugerð nr. 415/2014 er heimilt að hafa merkingar umbúða þess á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.³⁴

5.3 Meðhöndlun

Ávallt skal gæta varúðar við meðferð útrýmingarefna þannig að ekki valdi tjóni á heilsu eða umhverfi utan þess sem verið er að meðhöndla og skal leitast við að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.³⁵

Útrýmingarefni skulu varðveitt í umbúðum framleiðenda og geymd á tryggan hátt þannig að þau séu aðskilin frá matvælum, dýrafóðri, lyfjum og snyrtivörum og að óviðkomandi nái ekki til þeirra. Umbúðir útrýmingarefna sem hafa verið rofnar skulu vera þéttar og tryggilega lokaðar.³⁶

Notendaleyfisskyldar vörur skulu geymdar í læstum hirslum eða rými sem skulu greinilega auðkennd með viðeigandi varnaðarorðum eins og „Varúð“, og/eða „Eitur“. Eftir atvikum skal aðgreina efni og efnablöndur í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra.³⁷

²⁹ Efnalög nr. 61/2013, 24. gr., 35. gr.

³⁰ Rg. 677/2021, 6. gr.

³¹ Rg. 677/2021, 6. gr.

³² Rg. 677/2021, 5. gr.

³³ Rg. (ESB) nr. 528/2012

³⁴ Rg. 878/2014, 4. gr.

³⁵ Rg. 677/2021, 4. gr.

³⁶ Rg. 677/2021, 12. gr.

³⁷ Rg. 677/2021, 12. gr.

Öryggisblöð skulu fylgja öllum efnavörum sem flokkast sem hættulegar. Þau skulu vera á íslensku eða ensku, uppfærð og aðgengileg notendum. Efni og efnablöndur skal nota í samræmi við ákvæði öryggisblaða og öryggisskýrsla sem þeim fylgja. Bera skal kennsl á og beita viðeigandi ráðstöfunum sem koma fram á öryggisblöðum til að stjórna áhættunni af efnanotkun í starfseminni.³⁸

Um blöndun úðunarefnis skal fara eftir þeim fyrirmælum sem fram koma á leiðbeiningum umbúða. Óheimilt er að nota sterkari blöndu en þar er mælt fyrir um. Gæta skal þess að blanda ekki meira magn af úðunarefni en þörf er á.³⁹

Skola skal tómar umbúðir útrýmingarefna og nota skolvatnið til þynningar í úðunarblöndu.⁴⁰ Óheimilt er að hella úðunarvökva, óþynntum eða þynntum í niðurföll, ár, vötn eða sjó.⁴¹

Um klæðnað og persónuhlífar sem notaður er við blöndun, úðun og útlagningu notendaleyfisskyldra vara, sem og skolun tækja, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nánari fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og öryggisblöðum eða merkingum fyrir vöruna.⁴²

Við óhöpp eða slys, t.a.m. ef umbúðir rofna og umtalsvert magn útrýmingarefna berst út í umhverfið, skal tilkynna eftirlitsaðila um óhappið án tafar.⁴³

5.4 Framkvæmd eyðingar

Við eyðingu meindýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim óþarfa limlestingum eða kvölum.⁴⁴

Áður en hafist er handa við eyðingu meindýra, skal handhafi notendaleyfis kynna sér aðstæður og meta hvort þörf sé á notkun útrýmingarefna eða hvort hægt sé að beita aðgerðum sem ekki byggjast á notkun efna. Ef vafi leikur á hvers kyns meindýr um er að ræða skal kalla eftir áliti viðeigandi sérfræðinga.⁴⁵

Við eyðingu meindýra skal leitast við að nota ekki mikilvirkari útrýmingarefni en þörf krefur. Gæta skal ítrustu varúðar við útlagningu útrýmingarefna og tryggja að þau valdi hvorki tjóni á mönnum, dýrum öðrum en meindýrum, né berist í matvæli og fóður. Fylgja skal í hvívetna notkunarleiðbeiningum sem fram koma á ílátum útrýmingarefna eða kunna að fylgja vörunum á annan hátt.⁴⁶

³⁸ Efnalög 61/2013, 30. gr. og rg. 888/2015 (REACH).

³⁹ Rg. 677/2021, 20. gr.

⁴⁰ Rg. 677/2021, 14. gr.

⁴¹ Rg. 677/2021, 14. gr.

⁴² Rg. 677/2021, 11. gr.

⁴³ Rg. 550/2018, 8. gr.

⁴⁴ Lög nr. 55/2013 um velferð dýra, 28. gr.

⁴⁵ Rg. 677/2021, 17. gr.

⁴⁶ Rg. 677/2021, 17. gr.

Sé notaður úðunartankur við dreifingu útrýmingarefna skal, þegar þörf krefur, skola hann vandlega samkvæmt leiðbeiningum og skolvatn losað á úðunarstað með því að dreifa því yfir svæðið sem þegar hefur verið meðhöndlað. Sé þörf á að skola úðunarbúnað að utan skal það gert á stað þar sem ekki er hætt á því að skolvatnið berist í yfirborðs- eða grunnvatn.⁴⁷

5.5 Varnaðarmiðar

Þar sem eyðing meindýra fer fram skulu settir upp varnaðarmiðar á áberandi stað. Miðarnir skulu festir vandlega og letur þeirra skal vera þess eðlis, að lesmálið sé greinilegt á meðan að fyrirmæli sem þar koma fram gilda.⁴⁸

Eftirfarandi skal koma fram á varnaðarmiðum:

- Yfirskrift með stóru letri, er segir "Varúð - Meindýraeyðing".
- Heiti vörunnar sem notuð er og heiti virkra efna sem hún inniheldur.
- Nafn, heimilisfang og sími þess aðila er framkvæmir meindýraeyðinguna.⁴⁹

5.6 Takmarkanir á notkun

Óheimilt er að dreifa eða geyma útrýmingarefni á brunnsvæði og grannsvæði innan verndarsvæðis vatnsbóla.⁵⁰

Óheimilt er að dreifa útrýmingarefnum á friðlýstum svæðum og lykilsvæðum verndaðra tegunda. Þó er heimilt að dreifa útrýmingarefnum á ofangreindum svæðum ef dreifing er í það takmörkuðum mæli að ekki skapast áhætta fyrir heilsu og umhverfið og dreifingin á sér stað á samfelldu, afmörkuðu svæði, sem ekki er stærra en 1.000 m².⁵¹

Óheimilt er að dreifa útrýmingarefnum úr loftförum. Þó má heimila dreifingu úr loftförum í einstökum tilvikum þegar sérstaklega stendur á og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt útgefni undanþágu.⁵² Hafi undanþága fyrir dreifingu útrýmingarefna úr loftförum verið veitt er óheimilt að dreifa þeim beint á yfirborðsvatn.⁵³

Óheimilt er að nota dælu úðunarbúnaðarins sjálfs til þess að fylla á úðunartank beint úr ám eða vötnum.⁵⁴

⁴⁷ Rg. 677/2021, 14. gr.

⁴⁸ Rg. 677/2021, 17. gr.

⁴⁹ Rg. 677/2021, 17. gr.

⁵⁰ Rg. 677/2021, 25. gr.

⁵¹ Rg. 677/2021, 26. gr.

⁵² Rg. 677/2021, 28. gr.

⁵³ Rg. 677/2021, 25. gr., 28. gr.

6 Meðhöndlun úrgangs

6.1 Almennur úrgangur

Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu úrgangs svo sem kostur er.⁵⁵

Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á grenndar-, móttöku- eða söfnunarstöð eða í sorpílát.⁵⁶

Rekstarúrgangi sem fellur til skal safnað saman og hann fluttur brott þegar í stað eða geymdur með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af. Sorpílát skulu vera nægjanlega mörg og þau hentug, heil og þannig gerð að auðvelt sé að tæma þau. Við meðhöndlun úrgangs skal nota samræmdar merkingar úrgangstegunda, sbr. III. viðauka reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.⁵⁷

6.2 Spilliefni

Hættulegum efnum og umbúðum sem hafa innihaldið slík efni skal farga í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs eða hreinsa þannig að mönnum, dýrum og umhverfi stafi ekki hætta af.⁵⁸ Óheimilt er að endurnota tómar umbúðir útrýmingarefna.⁵⁹

Spilliefnum má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum spilliefna skal haldið aðgreindum. Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt og geyma þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfis eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal svo fljótt sem unnt er komið til söfnunar- og móttökustöðva sem hafa starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.⁶⁰

7 Fráveita

Tilhögun fráveitu og skólphreinsunar skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólphreinsun.⁶¹

Skólp frá atvinnurekstri skal eins og við á hreinsað í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun áður en það er losað í fráveitu sveitarfélags eða eigin fráveitu. Tryggja skal að losun skólps valdi hvorki skemmdum á fráveitubúnaði né truflun við hreinsun

⁵⁵ Rg. 803/2024, 9. gr.

⁵⁶ Rg. 803/2023, 9. gr.

⁵⁷ Rg. 803/2023, 9. gr., 10. gr., 15. gr., 16. gr.

⁵⁸ Efnalög 61/2013, 19. gr.

⁵⁹ Rg. 677/2021, 14. gr.

⁶⁰ Rg. 803/2023, 9. gr., rg. 806/1999, 5. gr., 6. gr., 8. gr., og rg. 1040/2016, viðauki I

⁶¹ Rg. 1450/2025

þess og hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið og/eða heilsu starfsfólks sem vinnur við fráveitur.⁶²

Óheimilt er að losa í fráveitu mengandi efni, svo sem spilliefni eða lyf, eða ólífrænan úrgang, til dæmis blautþurrkur, dömubindi, tannþráð og eyrnápinna.⁶³

8 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Um eftirlit með skráningarskyldri starfsemi fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætti.⁶⁴

Eftirlitsaðili getur gert kröfur sem ekki koma fram í starfsskilyrðum þessum, enda séu þær í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda.⁶⁵

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, á öllum þeim stöðum sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir ná yfir.⁶⁶ Rekstraraðila er skylt að aðstoða eftirlitsaðila eins og nauðsyn krefur, meðal annars veita eða afla allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits og afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits endurgjaldslaust.⁶⁷

Rekstraraðila ber að fylgja fyrirmælum eftirlitsaðila sem varða hreinlæti, hollustuhætti og öryggisþætti.⁶⁸

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsskilyrða þessara, laga og reglugerða sem um starfsemina gilda eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.⁶⁹ Er eftirlitsaðila m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.⁷⁰

⁶² Rg. 1450/2025, 12. gr.

⁶³ Rg. 1450/2025, 10. gr.

⁶⁴ Lög 7/1998, 54. gr. 54. gr. a, 55. gr. og rg. 903/2024, 44. gr., 45. gr., 46. gr., 47. gr., 48. gr., 50. gr.

⁶⁵ Rg. 903/2024, 12. gr.

⁶⁶ Lög 7/1998, 62. gr.

⁶⁷ Lög 7/1998, 63. gr., og rg. 903/2024, 48. gr.

⁶⁸ Rg. 903/2024, 12. gr.

⁶⁹ Rg. 903/2024, 50. gr.

⁷⁰ Lög nr. 7/1998, XVII. kafli.

Starfsskilyrði þessi eiga sér meðal annars stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Efnalögum nr. 61/2013.
- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.
- Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna.
- Reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur.
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.